



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

62. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 27. nóvember 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Barónsreitur-Skúlagata / málsnr.1509003

Óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Lagt var fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem fjallað var um málið.

Niðurstaða:

Umsögn svæðisskipulagsnefndar:

Barónsreitur er hluti af landskjarnanum í miðborg Reykjavíkur. Breytingartillagan er í góðu samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins um að fjölga íbúðum á miðkjörnum. Einnig er gott samræmi við viðmið byggðar- og samgöngueinkenni sem sett eru fram í töflu 2.

Ekki eru gerðar athugasemdir við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Barónsreitur-Skúlagata.

2. Breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030; miðsvæði 401 / málsnr. 1511002

Óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Lagt var fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem fjallað var um málið.

Niðurstaða:

Umsögn svæðisskipulagsnefndar:

Miðbær Mosfellsbæjar er skilgreindur sem miðkjarni í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Endanleg mörk miðkjarnans hafa ekki verið ákveðin í aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Markmið svæðisskipulagsins er að beina vexti í auknum mæli inná miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Fjölgun íbúða á umræddu miðsvæði um 100 íbúðir er ekki í ósamræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, miðsvæði 401.

3. Breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulag Kauptúns, lýsing / málsnr. 1510006

Óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar á lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulagi Kauptúns. Lagt var fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem fjallað var um málið.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er sett fram stefna um uppbyggingu verslunarmiðstöðva. Í töflu 3 „Málsmeðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvæg“ eru Verslunarmiðstöðvar og verslunarsamstæður utan miðkjarna í 2. stigs skipulagsþættir eða „Skipulagsþættir sem mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en nánari útfærslu vísað til aðalskipulags. Hún varðar þætti sem kunna að hafa mikið svæðisbundið gildi.“

Það er svæðisskipulagsnefndar að meta, í hverju tilviki fyrir sig, hvort stefna er í samræmi við svæðisskipulag eða kallar á breytingu á því. Mat svæðisskipulagsnefndar byggist á rökstuðningi sveitarfélaga um samræmi tillögunnar við svæðisskipulagið og mati á svæðisáhrifum. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar segir til um hvort breytingin hefur mikið svæðisbundið gildi (1. stig) eða lítið svæðisbundið gildi (3. stig) og málsmeðferð verði skv. 1. eða 3. stigi.

Niðurstaða:

Að mati svæðisskipulagsnefndar hefur breyting á aðalskipulagi Garðabæjar sem varðar Kauptún lítið svæðisbundið gildi og því á málsmeðferð að vera skv. 3. stigi sbr. töflu 3. Heimildir fyrir uppbyggingu stórverslana eru þarna fyrir hendi og því er ekki um neina þá stefnubreytingu að ræða sem hefur áhrif á þróun höfuðborgarsvæðisins heldur einungis um útfærslu sveitarfélagsins á hvernig þeirri uppbyggingu verði háttað.

Rétt er að áréttta að skilgreina á svæðisskipulagsnefnd sem umsagnaraðila í skipulagsferlinu sem snertir aðalskipulagsbreytingar.

4. Deiliskipulag Þríhnúka, verkefna- og matslýsing / málsnr. 1501004

Óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar um verkefnislýsingu deiliskipulags Þríhnúkagígs. Þríhnúkagígur er á fjarsvæði vatnsverndar. Í lýsingunni kemur fram að fullt tillit verði tekið til samþykktarinnar við gerð deiliskipulagsins. Lagt var fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem fjallað var um málið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd brýnir fyrir Kópavogsbæ að tryggja að framkvæmdaraðili vinni sérstakt áhættumat vegna fyrirhugaðrar starfsemi Þríhnúka í samræmi við gr. 47 samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015. Það þarf að vinna nýtt áhættumat í samvinnu við heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og

Kópavogssvæðis. Mikilvægt er að slíkt áhættumat liggi fyrir áður en ákveðnar útfærslur eru festar í deiliskipulagi. Einnig telur svæðisskipulagsnefnd að huga þurfi betur að fráveitumálum þar sem um vatnsverndarsvæði er að ræða. Svæðisskipulagsnefnd telur að vinna þurfi heildstætt umhverfismat þar sem samlegðaráhrif starfsemi við Þríhnúka og á Bláfjallasvæðinu eru metin. Einnig verði kannað hvaða áhrif aðkomugöng og útsýnisvalir hafa á náttúrufyrirbærið Þríhnúkagíg.

5. Bústaðavegur 151-153 (Sprengisandur), deiliskipulagslýsing

Í auglýstri lýsingu deiliskipulagsverkefnis við Sprengisand kemur eftirfarandi fram: „Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýsamþykktu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 hefur verið fallið frá gerð mislægra gatnamóta á svæðinu.“

Lagt var fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra þar sem fjallað var um málið og bent á að ofnagreint sé ekki í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd er sammála mati svæðisskipulagsstjóra að sú staðhæfing í lýsingu deiliskipulagsverkefnisins að fallið hafi verið frá mislægum gatnamótum á mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegs sé ekki rétt. Svæðisskipulagsstjóra er falið að koma ábendingum þess efnis á framfæri við Reykjavíkurborg.

6. Önnur mál

Sverrir óskaði eftir að á næsta fundi verði rætt sérstaklega um sameiginlega sýn á hjólastígakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Nefndarfólk var sammála um að á næsta fundi verði einnig farið sérstaklega yfir önnur innleiðingarverkefni svæðisskipulagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.